

Mál nr. 379/2017

M
og
V v/ húftryggingar vinnuvélar.

Ágreiningur um gildissvið vátryggingar samkvæmt vátryggingarskilmálum.**Gögn.**

Málskot, mótttekið 23.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.12.2017.

Málsatvik.

M hafði keypt á kaupleigu tiltekinn byggingarkrana. Hinn 23. nóvember 2017 urðu stjórnanda byggingarkrans á mistök við stjórn hans með þeim afleiðingum að snúningskrans kranans og snúningsdrifhjól brotnuðu. Fella þurfti kranann og koma honum af vinnusvæðinu til viðgerðar.

M hafði vátryggt kranann hjá V með svonefndri húftryggingu vinnuvéla. M krafðist bóta úr húftryggingunni vegna þess tjóns sem hafði orðið á krananum. V hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að húftryggingin tæki ekki til tjóns sem orsakaðist með þeim hætti sem raunin var. M vill ekki una afstöðu félagsins. Telur M að skilmálar vátryggingarinnar beri þess merki að þeim er einkum ætlað að ná til farandvinnuvéla en ekki vinnuvéla sem ekki hreyfast úr stað fyrir eigin vélarafli, auk þess sem vátrygging þessi er flokkuð með bifreiðatryggingum á heimasíðu V. Umrædd vátrygging ásamt skilmálum hennar geti því ekki átt við um vátryggingu fyrir byggingarkrana. Þá kveður M að M eigi rétt til bótanna en ekki fjármálaþyrtingu þáð sem hafi selt M kranann samkvæmt kaupleigusamningi.

Álit.

Samkvæmt skilmálum V fyrir húftryggingu vinnuvéla eru vátryggðar „allar vélar og öll þau tæki, sem greind eru í sundurliðun skírteinis“, en tæki til neðanjarðargangagerðar og námuvinnslu, svo og vélar og tæki á strandvinnupöllum eða prömmum og flatbytnum, fást eingöngu vátryggð samkvæmt sérstökum samningi við félagið. Af þessu ákvæði verður að telja ljóst að vátryggingunni er ætlað að taka til flestra tegunda vinnuvéla án tillits til þess hvort þær hreyfist úr stað fyrir eigin vélarafæi eða ekki, jafnvel þótt fallast megi á að ýmis ákvæði skilmálanna eigi einvörðungu við farandvinnuvélar. Í 4. gr. skilmálanna eru tæmandi taldar þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til. Þótt tiltekin ákvæði í grein þessari séu orðuð með þeim hætti að þau geti ekki tekið til tjóns á byggingarkrana eins og hér um ræðir getur það ekki leitt til þess að gildissviðið verði talið víðtækara en skilmálaákvæðið sjálft kveður á um. Samkvæmt 4. gr. vátryggingarskilmálanna tekur vátryggingin ekki til tjóns eins og varð á byggingarkrananum umrætt sinn. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr vátryggingunni. Að þessari niðurstöðu fenginni kemur ekki til frekari skoðunar hver skuli eiga rétt til bótanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu vinnuvéla hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.